

# Nesfréttir



NÓVEMBER 2019 • 11. TBL. • 32. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)



Velheppnuð menningarhátíð var haldin dagana 31. október til 3. nóvember á Seltjarnarnesi. Hátíðin var afar fjölbreytt en um 40 viðburðir og sýningar voru í gangi víðsvegar um bæinn. Sjá nánar á bls. 6.



- Viðtal við  
Guðbjörgu Kristínu og  
Karl Jóhann í Aurum  
- bls. 8-10

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIÐISTORGI  
**HAGKAUP**



**Haga-  
vagninn**  
- Hofsvallagata 52 -



## Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)



ÓKEYPIS  
GREIÐSLUMAT  
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA  
ÍSLANDBANKA  
Netgreiðslumat Íslandsbanka  
er endurgjaldslaust til ársloka



# Nesfréttir

[www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Menningarhátíð og samfélag

Menningarhátíð Seltirninga sem fram fór um liðin mánaðamót heppnaðist vel. Um 40 viðburðir voru á dagskrá og fylla tókst flesta samkomustaði á Nesinu þegar fólk kom til þess að njóta þeirrar dagskrár sem var í boði.

Sérstaða Seltjarnarness felst einkum í samfélaginu sem byggir Nesið. Vegna smæðar þess og að einhverju leyti vegna afmarkaðrar legu hefur myndast þétt samfélag. Fólk þekkt og kemur og vinnur saman sem Seltirningar burt séð frá öðrum aðstæðum í lífi þess.

Þessi sjónarmið hafa komið fram hjá mörgum bæjarbúum sem Nesfréttir hafa átt samtal við á undanförunum árum. Fólk lýsir kostum byggðarinnar. Flestir telja gott að búa á Nesinu. Einkum í skjóli þess samfélags sem þar hefur þróast og einnig vegna kyrrðar með höfuðborgina handan við bæjarvegginn.

Þátttakan í menningarhátíð Seltirninga lýsir þessu hugarfari. Bæjarbúar líta á þetta sem bæinn sinn og samfélagið sitt sem þeir eru hluti af og eru tilbúnir að koma saman og gleðjast yfir góðum viðburðum.

## Rekstur bæjarins á að skila 62,4 milljónum á næsta ári



Niðurstöður rekstrarreiknings fyrir A og B hluta verða samkvæmt fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir næsta ár kr. 62.457.025.- Fyrri umræða í bæjarstjórn var miðvikudaginn 12. nóvember sl.

Þá hefur bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkt að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur á árinu 2020. Á fundi bæjarráðs í liðinni viku var gerð grein fyrir stöðu úttektar á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag bæjarins. Vinna við greiningarkafalann um fjármálin er í gangi og viðtöl við sviðstjóra er nánast lokið.

## Sjóvarnir við Ráðagerði og golfvöllinn

Ákveðið er að vinna að sjóvörnum við Ráðagerði og við golfvöll Seltirninga á þessu ári.

Bæjarstjóri kynnti á síðasta bæjarstjórnarfundi drög að teikningum að þessum sjóvörnum. Vegagerðin sér um alla framkvæmd á þessu verkefni.



 HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!

[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



# DAGSKRÁ DESEMBER 2019

## Sýningaropnun 28. nóvember

### Fjarstjörnur og fylgihnettir

Katrín Matthíasdóttir opnar myndlistarsýningu sína *Fjarstjörnur og fylgihnettir*. Sýningu lýkur 11. janúar 2020.



## 2. desember kl. 20-22

### SelGARNanes og nágrenni

Áhugafólk um hannyrðir hittist einu sinni í mánuði og á notalega stund saman við handavinnu, hjálpar hvert öðru og deilir hugmyndum. Allir velkomnir. Nánar á FB-síðu hópsins: **SelGARNanes og nágrenni**



## 3. desember kl. 19.30

### BÓKMENNTAKVÖLD

#### Um tímann og vatnið með Andra Snæ

Andri Snær Magnason les upp úr og fjallar um bók sína *Um tímann og vatnið*. Bók sem allir ættu að lesa að mati gagnrýnenda. Allir velkomnir. Kaffi og með því.



## 4. desember kl. 17-17.30

### Sögustund fyrir yngstu börnin

Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen lesa um *Kormák* fyrir yngstu börnin.



## 4. desember kl. 17.30-18

### Jólabókastund fyrir börnin

Eva María Jónsdóttir les upp úr *Skuggahlíðin jólanna* nýrri bók fyrir börn (6-12 ára) með skemmtilegu safni kvæða og sagna frá fyrri tíð.



## 12. desember kl. 17.30-18.30

### JólaTónstafir og JólaFjör

Kl. 17.30  
Skólahljómsveit Tónlistarskólans spilar inn jólin á bókasafninu.

Kl. 18.00  
Skemmtilegustu jólasveinarnir koma í heimsókn og gleðja börn á öllum aldri. Allir velkomnir.



## 18. desember kl. 17

### Jólasögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan *Hvolparnir bjarga jóluum!*


Höfundur:  
Sullivan/Moore



### Fáðu allar upplýsingar um spennandi menningartengda viðburði fyrir börn og fullorðna

Ertu ekki örugglega á póstlistanum? Skráðu þig á Bókasafni Seltjarnarness eða sendu póst á [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is) og við setjum þig á listann.

Vertu einnig vinur okkar á facebook og fylgstu með jólahaldinu:



Opnunartími:  
mán. - fim. 10-19  
og fös. 10-17  
Lau. 11-14



**Bókasafn  
Seltjarnarness**

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: [bokasafn@seltjarnarnes.is](mailto:bokasafn@seltjarnarnes.is)



# Yfir 142 gjafir í jól í skókassa

Alls bárust 142 gjafir í „jól í skókassa“ verkefninu í Grunnskóla Seltjarnarness í ár sem bárust frá nemendum, foreldrum þeirra og starfsfólki skólans. Þetta er svipaður fjöldi eins í fyrra sem er frábært. Með þessum gjöfum gleðjum við 142 börn sem fá jólagjöf um þessi jól.

Hver einasta gjöf skiptir máli því hún er gjöf til barns sem býr við mjög erfiðar aðstæður í Úkraínu hvort sem það er munaðarlaust, fatlað, sjúkt eða býr við fátækt. Í ár söfnuðust um 4.656 gjafir á landinu öllu og er þetta í sextánda sinn sem þessi söfnun fer fram. Forsvarsfólk verkefnisins vill þakka fyrir fallegar gjafir og góða þátttöku.



Nokkrir af þeim jólapökkum sem komu.



## Dagþjálfun aldraðra flutt í Seltjörn

Dagdvöl fyrir aldraða hefur nú verið flutt í Seltjörn, nýja og glæsilega hjúkrunarheimilið á Seltjarnarnesi eftir að hafa verið í 15 ár á Skólbraut 3 til 5. Seltjarnarnesbær hefur starfrækt dagvistina frá árinu 2004 en þann 1. október sl. tók Vigdísarholt sem sér um rekstur hjúkrunarheimilisins yfir rekstur dagdvalarinnar sömuleiðis í samstarfi við Seltjarnarnesbæ sem á allt húsnæðið.

Í dag er heimild fyrir níu einstaklinga í dagdvölinni en vegna mikillar eftirspurnar eru oft 11 einstaklingar að nýta sér þjónustuna. Óskað hefur verið eftir því að fá að fjölga í 25 frá næstu áramótum, þar af verði níu fyrir minnisskerta. Umsókn þess efnis er nú til umfjöllunar í heilbrigðisráðuneytinu og er vonast eftir jákvæðum svörum fyrir áramótin.

Dagþjálfunin er opin alla virka daga frá kl. 8:00 til 16:00 og þar er lögð áhersla á góða samveru og félagsskap. Dagdvölin hefur það hlutverk að bjóða eldri borgurum á Seltjarnarnesi og annars staðar af

höfuðborgarsvæðinu þjónustu sem miðar að því að þeir geti dvalið sem lengst á eigin heimili, þrátt fyrir skerta andlega eða líkamlega heilsu.

### Ýmis þjónusta í boði

Hægt er að nýta sér dagdvölinna í einn eða fleiri daga í viku. Þar er heilsufar einstaklinganna metið, veitt hjúkrunarþjónusta, félagsleg ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs allt eftir þörfum hvers og eins. Þjónustan getur falið eftirfarandi þætti í sér: Fæði, hreyfingu og þjálfun, hvíldaraðstaða, tómsundaiðju, böðun og akstur að heiman og heim. Allar frekari upplýsingar um dagþjálfunina veitir Rannveig Sölvadóttir, í síma 852 1180 auk þess sem hægt er að senda fyrirspurn á tölvupóstfang dagdeildseltjorn@sunnuhlid.is Einnig er hægt að fylgjast með fréttum á facebook síðu Vigdísarholts sjá slóð: Nánar á Dagdeild Seltjörn <https://www.facebook.com/Dagdeild-Seltjorn-100422201394394>.

# MotorMax

## SMURSTÖÐ

Við smyrjum allar tegundir bíla  
OPNUNARTÍMI **ENGAR**

Mánudaga  
- Föstudaga

7:45 - 18:00

Laugardaga

10:00 - 14:00

TÍMAPANTANIR!



VIÐ ERUM!  
VATNAGÖRÐUM

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)

Sími: 545 4040



[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)



Grandagardi 29 • 101 Reykjavík | Dalshrauni 13 • Hafnarfirði

[www.kjotkompani.is](http://www.kjotkompani.is)



578 9700



[kjotkompani@kjotkompani.is](mailto:kjotkompani@kjotkompani.is)



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



ER STYTTIST TIL JÓLA — HRINGDU Í JÓA

# OPIÐ FYRIR PANTANIR

## HÁTÍÐAR GJAFAKÖRFUR

Nú er tíminn til að panta osta- og sælkerakörfurnar fyrir hátíðarnar. Hver karfa inniheldur handvalið úrval af ostum og öðru góðgæti — allt eftir þínum óskum. Körfurnar eru fáanlegar í ýmsum stærðum og gerðum, en nú getur þú einnig valið á milli hefðbundinnar ostakörfu eða pappaðöskju. Öskjurnar eru bæði endurunnar og endurvinnanlegar. Gómsætt fyrir þig og gott fyrir umhverfið.

## VEISLUÞJÓNUSTA

Þegar líða fer að veislu erum við hjá Ostabúðinni til þjónustu reiðubúin. Við bjóðum upp á fjölbreytta veisluþjónustu, hvort sem þú kýst ostabakka og snittur eða fullbúna veislumáltíð. Fáðu sent heim eða njóttu þess að láta stjarna við þig í glæsilegum veislusal Ostabúðarinnar á Granda — allt eftir þínum óskum.

Nánari upplýsingar á [ostabudin.is](http://ostabudin.is)  
eða í síma 562 2774. Við hlökkum til að heyra í þér.





# Um 40 viðburðir á menningarhátíð

Mikið var um að vera á menningarhátíðinni sem haldin var dagana 31. október til 3. nóvember sl. Dagskrá hátíðarinnar var afar fjölbreytt en um 40 viðburðir og sýningar voru í gangi víðsvegar um bæinn.

Seltirningar og aðrir gestir fjölmenntu á flesta viðburði hátíðarinnar og virtust njóta vel þess sem boðið var upp á. Stöðugur straumur fólks var á sýningarnar á bókasafninu, á sýningu Guðrúnar Einarsdóttur í Nesstofu og á ljósmyndasýningu Valgeirs. Mörg hundruð manns gæddu sér af morgunverðarhlaðborðinu

á Eiðistorgi á laugardagsmorgninum og spjölluðu við mann og annan. Fjölmennti tók þátt í stríðsminjagöngunni sem þótti virkilega fróðleg. Alger húsfyllir var svo í Félagsheimilinu á heiðursdagskrá um Þórarinn Eldjárn rithöfund og lá stundum við að þakið myndi rifna af svo mikið var hlegið. Virkilega velheppnað og skemmtilegt í alla staði. Myndir segja meira en þúsund orð og því má sjá nokkrar hér og ennfleiri verða birtar á fésbókarsíðu Seltjarnarnesbæjar.



## FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





# Íslensku Barnabókaverðlaunin afhent í Való

Íslensku barnabókaverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í skólabókasafni Valhúsaskóla fimmtudaginn 11. október. Verðlaunin hlaut að þessu sinni Snæbjörn Arngrímsson fyrir bók sína Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins.


Tveir lestrarhestar og nemendur úr 9. bekk í Való, þau Guðmundur Brynjar Þórarinsson og Svanborg Ása Arnarsdóttir, aðstoðuðu dómnefndina við störf sín og lásu svo kafla upp úr verðlaunabókinni á athöfninni sjálfri. Samnemendum þeirra úr 9. bekk var sérstaklega boðið að vera við athöfnina og tveir úr þeirra hópi léku á hljóðfæri, þeir Kristinn Rúnar Þórarinsson sem spilaði á saxafón og Birnir Orri Birnison sem lék á gítar. Sem þakklætisvott fyrir vinnu þeirra Guðmundar Brynjars og Svanborgar Ásu fékk skólabókasafnið bókagjöf sem innihélt auðvitað meðal annars árituð eintök af verðlaunabókinni.



Snæbjörn Arngrímsson handhafi Íslensku barnabókaverðlaunanna.

## SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman  
um að minnka hættur  
í umhverfi okkar.



## Rithöfundar lásu upp úr bókum í Mýró

Bjarni Fritzson rithöfundur kom í byrjun nóvember í Grunnskóla Seltjarnarness og las upp úr bók sinni Orri óstöðvandi, hefnd glæponanna.

Sævar Helgi Bragason og Eva Rún Þorgeirsdóttir fjölluðu um töframátt bókanna og hvernig þær geta breytt heiminum. Villi

vísindamaður og Linda Ólafsdóttir teiknari sögðu sögu og teiknuðu með aðstoð krakkanna í 3. og 4. bekk í Mýró.



Gáruhálsmen  
Verð frá 5.300 kr.

Demantshálsmen  
29.900 kr.

Hálsmen  
39.900 kr.

Eyrnalokkar  
23.900 kr.

## Þú finnur gjöfina á Jens.is

Í vefverslun okkar á [www.jens.is](http://www.jens.is) er mikið úrval skartgripa og gjafavöru fyrir öll tilefni. Þar er einfalt að ganga frá kaupum. Þú getur valið um að fá vöruna senda eða sótt hana í einni af verslunum okkar. Við tökum vel á móti þér í Kringlunni, Smáralind og að Grandagarði 31.

Hringur  
89.900 kr.

Hringur  
29.500 kr.



Íslandsbakkinn með Vatnajökulskál  
12.900 kr.



Kökunifur  
12.800 kr.



Jöklaskálar - tvær stærðir  
Vatnajökull, Eyjafjallajökull og Snæfellsjökull  
4.900 - 7.900 kr.



Jens

## PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík  
Sími 899 3417 · [www.tolvuland.is](http://www.tolvuland.is)

**Viðtal við Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur og Karl Jóhann Jóhannsson**

# Forréttindi að búa á Seltjarnarnesi

**- segja þau Guðbjörg Kristín og Karl Jóhann í Aurum. Þau halda upp á 20 ára afmæli fyrirtækisins innan tíðar og ætla að gefa heppnum viðskiptavini demantshring.**

**G**uðbjörg Kristín Ingvarsdóttir, skartgriphönnuður í Aurum í Bankastræti hannaði Bleiku slaufuna að þessu sinni. Bleika slaufan er tákn fyrir Bleikan október sem er átaksverkefni Krabbameinsfélags Íslands til þess að vekja athygli á krabbameini hjá konum. Guðbjörg segir forréttindi að fá að hanna slaufuna og geta stutt á þann hátt við baráttu Krabbameinsfélagsins. Hún stofnaði skartgripafyrirtækið Aurum ásamt Karli Jóhanni Jóhannssyni eiginmanni sínum árið 1999. Guðbjörg er Ísafirðingur en Karl er frá Ólafsvík.

Fyrir vestan kynntist Karl Guðbjörgu þegar hann fór í nám við menntaskólann á Ísafirði. Hann stundaði skíðamennsku sem unglingur og kveðst hafa valið Ísafjörð þegar hann þurfti að halda að heiman til framhaldsnáms til þess að komast á skíði. „Flestir fóru suður í menntaskóla en ég fór til Ísafjarðar út af skíðunum. Eftir það héldum við til Danmerkur til náms og svo kom Aurum til sögunnar sem fagnar 20 ára afmæli um þessar mundir.”

Guðbjörg og Karl héldu til framhaldsnáms 1994. Guðbjörg hafði þá lokið sveinsprófi í gullsmíði frá Köbenhavn Tekniske Skole 1993. Þau bjuggu í tæp sex ár í Danmörku. Guðbjörg lauk námi í skartgriphönnun við Institute for Edalmetal og Karl masternámi við DTU í verkfræði, stjórnun og rekstri. Guðbjörg byrjaði að starfa ytra eftir að hún lauk námi og stofnaði hún fyrirtæki með þremur dönskum skólafélögum. „Þessi þrjú ár sem ég starfaði þar náði ég að þróa mínar hugmyndir áfram eftir nám. Ég fékk styrk frá danska ríkislistasjóðnum sem gaf mér tækifæri til þess að vinna að stærri verkum og taka þátt í sýningum. Þetta var mikilvægur tími fyrir mig og fyrstu Aurum skartgripaformin komu fram á þessum tíma.

## Á krossgötum 1999

Guðbjörg og Karl fluttu heim til Íslands frá Danmörku á árinu 1999.



**Karl Jóhann Jóhannsson og Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir. Að baki þeirra má sjá Eiffeltorninn í París.**

„Þá hafði Karl lokið námi ytra og elsta dóttir þeirra Ásgerður Diljá var fædd, þá tveggja ára. Guðbjörg var farin að starfa við hönnun og þarna stóðu þau á krossgötum. Áttu þau að dvelja áfram í Danmörku eða kallaði Ísland á þau heim. „Við hugsuðum lengi um hvað við ættum að gera. Okkur leið vel í Danmörku. Ég gat haldið áfram að starfa ytra og Karl hefði fengið vinnu því hans námi var lokið. En það togaði eitthvað í okkur heim. Það var einkum fjölskyldan heima, að börnin okkar fengu tækifæri til að kynna öfum og ömmum sínum. Við ákváðum því að koma heim.“ Guðbjörg og Karl stofnuðu Aurum eftir heimkomuna. „Við keyptum hús við Laugaveg 27

og vorum þar fyrstu þrjú árin. Þá var laust húsnæði í Bankastræti 4. Við ákváðum að veðja á þennan hluta Miðborgarinnar. Við fluttum þangað í janúar árið 2003 og höfum verið þar síðan.“ Karl hafði þó bætt við sig MBA námi sem hann var þá búinn að ljúka með vinnu og Karlotta Kara önnur dóttirin í röðinni var komin í heiminn. „Við höfum smá saman stækkað við okkur í Bankastrætinu og eftir að verslunin í rýminu við hliðina á okkur lokaði tókum við það yfir. Opnuðum á milli rýmanna og opnuðum því stærri Aurum verslun haustið 2009. Árið 2010 hætti verslun Hans Petersen sem hafði verið í öðrum helmingnum í Bankastræti 4 eftir um 100 ár þar. Við tókum



**Gripir úr Erika skartgripalínunni sem hönnuð var í tilefni af 20 ára afmæli Aurum.**

yfir þann helming húsnæðisins og opnuðum við þar Aurum Lífsstílsbúðina. Þess má geta að þau seldu Aurum Lífsstílsbúðina haustið 2018 til verslunarstjóra þeirra sem rekur búðina í dag undir nafninu Nielsen Sérverzlun.“

## Purfum að sjá á sjóinn

Guðbjörg og Karl búa á Seltjarnarnesi. Af hverju völdu þau Nesið. „Við bjuggum fyrstu árin eftir heimkomuna í Vesturbænum. Á Tómasarhaganum. Við erum bæði uppalin í sjávarbygðum. Á Ísafirði og í Ólafsvík. Við sáum ekki á sjóinn í Danmörku og söknuðum þess. Uppeldið hefur svona áhrif á mann. Þegar við fórum að huga að stærra húsnæði koma aðeins Vesturbærinn og Seltjarnarnes til greina. Við fundum okkur síðan hús við Sæbrautina þar sem við höfum sjóinn beint fyrir framan og fluttum þangað fyrir fjórum árum. Okkur finnst bragurinn á Seltjarnarnesi líkjast því sem við þekktum fyrir vestan. Svo lítill landsbyggðabragur.“ Yngsta dóttir þeirra Ingibjörg Æsa sem nú er sjö ára mun koma til með að taka alla skólagöngu sína í grunnskóla á Seltjarnarnesi. „Mér finnst ákveðin forréttindi að búa í Vesturbænum og ekki síður á Seltjarnarnesi, segir Guðbjörg. Hér gengur maður um allt eða hjólar og þótt við vinnum í Miðborginni þá er stutt í vinnuna. Þetta eru stuttar vegalengdir. Að búa við Sæbrautina er mjög rólegt. Staðurinn sameinar heilsárs og sumardvalarstað.“ Þau eiga engu að síður sumarbústað en hann er ekki í nágrenninu. „Nei – hann er eins langt





Dæturnar saman á góðri stund.

í burtu og hugsast getur, en það er sumarþústaður sem stórfjölskyldan á. Hann er norður á Snæfjallaströnd. Við erum hvorki með rafmagn eða nettengingu þar og símasamband hefur verið stopult. En þarna finnst mér dásamlegt að vera. Þarna er mikil ró og þarna fæ ég hugmyndir að því sem ég er að vinna. Kannski er þetta Vestfirðingurinn í mér. Við höfum farið mikið vestur á sumrin með dæturnar og öll stórfjölskyldan hittist þar," segir Guðbjörg.

**Sameiginleg áhugamál**

Annað áhugamál þeirra hjóna er laxveiði. Við förum alltaf í Miðá í Dölum á hverju sumri með góðum

vinum okkar og fjölskyldum þeirra. Þarna fór Karl með foreldrum sínum frá tveggja ára aldri og má því segja að haldið sé í hefðina. Það er einstaklega gaman að veiða þarna, er mjög barnvænleg á þar sem allir geta veitt saman. Það er jafn gaman að kenna börnunum sínum að veiða, fylgjast með þeim veiða sjálf eins og að veiða sjálfur. Þarna líður hundunum okkar Molly og Lottu best," segir Karl. Guðbjörg og Karl fara mikið á skíði enda kynntust þau því sem næst á skíðum á Ísafirði. „Við ólumst bæði upp við skíðamennsku og nú er yngsta dóttir okkar farin að æfa skíði. Við förum með henni til Austurríkis í æfinga- og fjölskylduferð með skíðadeild Ármanns í janúar. Ef



Karl og Ingibjörg.

snjór er og gott skíðafæri þá fara allir laugardags- og sunnudagsmorgnar í að fara upp í fjöll með skíðin, en þá eru æfingar hjá Ingibjörgu Æsu yngstu dótturinni."

**Opnaði á afmælisdaginn**

Síðustu fimm árin hafa Guðbjörg og Karl verið með annan fótinn í Bretlandi til að sinna sölu- og markaðsmálum og hafa átt samskipti við marga aðila. Karl segir að bæði þurfi einbeitingu og úthald til þess að vinna á breskum markaði. „Við erum búin að sækja sýningar í fimm ár. Innkaupastjórar frá House of Fraser komu á sýningu til okkar sl. febrúar, kynntu sig og sýndu því áhuga að fá Aurum skartið í sölu í þeirra verslunum. Tveimur mánuðum síðar vorum við búin að gera samning við þau um að selja í fimm verslunum hjá þeim. Þeir vildu fá okkur í fleiri verslanir en við töldum ráðlegt að



Guðbjörg Kristín með hundana Molly og Lottu.

fara varlega af stað. Vegna þessa þá munum við færa næstu opnun sem átti að vera núna fyrir jól fram til febrúar mars á næsta ári, en þá er stefnt að opna á tveimur stöðum. Þetta kostar umtalsverða fjármuni einkum í því að fylla fimm verslanir af skartgripum. Það er einnig til að hafa fulla athygli á núverandi fimm stöðum og svo er mikið fram undan hjá okkur hér heima, verslunin 20 ára, stækkun á búðinni, opnun og kynning á nýrri skartgripalínu í tilefni afmælisins núna í nóvember. Aurum opnaði í fyrstu fimm verslunum í House of Fraser 26. september sl. sem er afmælisdagur Guðbjargar.“

**Aurum – umhverfisvæn stefna**

Karl segir að á þeim fimm árum sem þau séu búin að þreifa fyrir sér í Bretlandi hafi þau átt viðskipti við allt að 60 verslanir og fyrirtæki. Í viðskiptum við Breta þurfi allt að vera akkúrat. Þeir eru svo nákvæmir. „Við vorum búin að fara inn á þetta plan og þekktum því nokkuð til regluverksins og hvað kröfur eru gerðar til erlendra viðskiptaáðila. **Framhald á bls. 10.**

**KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN**

**Vottað réttinga- og málningarverkstaði**

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstaði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



**Tjónaskoðun**  
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



**Rétting og málning**  
Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



**Framrúðskipti**  
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheirnsun á bil.



**Smáviðgerðir**  
Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is  
www.tjon.is



**Framhald af bls. 8-9.**

Ekki er nægjanlegt að bjóða fallega eða góða vöru heldur þarf allt regluverk að ganga upp. Þegar við höfum samskipti við House of Fraser fengum við margvíslegar upplýsingar og þurftum einnig að skila okkar áætlunum og greina þær niður í smáatriði. Á seinni fundinum okkar með þeim þá komu deildarstjórar hverrar deildar einn af öðrum og fór yfir með okkur allt regluverkið í sinni deild og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Hvernig samskiptum er háttað og farið yfir þær upplýsingar sem við munum fá sendar frá þeim því sum uppgjörsmál eru þess eðlis.“ Guðbjörg bætir við að þau leggi áherslu á umhverfismál. Að vera umhverfisvæn. „Við notum aðeins endurunnið hráefni í alla skartgripina, þ.e. endurunnið silfur og gull. Engin tré eru t.d. felld vegna umbúðanna sem þau nota heldur er bórkurinn af trjánum notaður. Það hefur mikið að segja nú þegar umhverfismálin eru alls staðar á oddinum. Við erum búin að tileinka okkur þetta og reynum að taka skrefin í þessa átt lengra og lengra. Bretarnir veittu einnig athygli að Aurum er fjölskyldufyrirtæki. Við tvö erum eigendur. Dætur okkar eru farnar að taka þátt í þessu með okkur og einnig erum við með góðan stuðning frá öðrum fjölskyldumeðlimum og tengdasyni Sólun Breki. Við erum líka með góðan hóp með okkur í Bankastrætinu. Móðir mín Ásgerður sér um skartgripaverslunina og þrír gullsmiðir starfa hjá okkur. Tveir sem hafa lært hjá mér og einn sem hefur margra ára reynslu í skartgripasmíði. Við erum með hönnunarvinnu og framleiðslu og seljum hér og erlendis. Hjá okkur er jafnt kynjahlutfall 50 á móti 50. Við höfum í gegnum árin skapað okkur ákveðna sérstöðu með vinnuaðferðum og hönnun sem margir þekkja núorðið.“ Guðbjörg hefur hlotið ýmsar viðurkenningar í gegnum árin svo sem Menningarverðlaun DV í hönnun

og Sjónlistarverðlaunin í hönnun. „Hvað varðar verslun okkar á netinu, þá höfum við lagt mikla vinnu í þann hluta rekstursins sl. ár og fáum pantanir alls staðar að úr heiminum. Stærstir eru þó Bandaríkjamenn og Bretar. Við sendum allar pantanir frítt út ef pantað er yfir ákveðna upphæð. Hér heima sendum við allt frítt heim að dyrum.“

### Aurum 20 ára – Stærri verslun – Ný skartgripalína

„Nú erum við búin að vera með Aurum í 20 ár. Við erum að breyta versluninni í Bankastrætinu. Stækka hana út í milli rýmið sem er á milli Aurum skartgripabúðarinnar og hönnunarverslunarinnar, upplifunarrými sem verður grænt og fagurt. Þessi undirbúningur hefur tekið um eitt ár. Við höfum verið að vinna að 20 ára skartgripa afmælislinu sem ber nafnið Erika sem verður kynnt núna í nóvember. Þess má geta að Bleika slaufan var unnin að hluta út frá afmælislinunni og verður því hægt að finna skart úr Eriku sem passar við Bleiku slaufu hálsmenið. Við stefnum á að halda upp á afmælið, stækkunina og kynna nýju skartgripalínuna fimmtudaginn 28. nóvember. Þá er að sjálfsgöðu öllum boðið, en við munum tilkynna þetta frekar þegar nær dregur á okkar samfélagsmiðlum.“

### Ætlum að gefa demantshring

Er eitthvað að lokum sem þið viljið koma að. „Guðbjörg nefnir, vegna 20 ára afmælisins þá ætlum við að gefa einum heppnum viðskiptavinum Aurum demantshring. Við munum láta vita af því á okkar samfélagsmiðlum, en allir sem versla í verslun Aurum eða á netinu verða dregnir út. Við ætlum að gefa hringinn milli jóla og nýárs.“

## Íslenska fatamerkið As We Grow valið eitt umhverfisvænasta alþjóðlega fatamerkið

As We Grow opnaði nýlega verslun og hönnunarstúdíó við Garðastræti 2 í Reykjavík og vefsíðuna [www.aswegrow.is](http://www.aswegrow.is), þar sem ætlunin er að sinna íslenskum markaði betur. Versluninni hefur verið tekið mjög vel af bæjarbúum, sem og erlendum ferðamönnum.

Um er að ræða einstakt úrval af tímalausum og umhverfisvænum fatnaði fyrir börn, sem og fullorðna. Þess má geta að merkið er eina íslenska fatahönnunarmerkið sem hlotið hefur Hönnunarverðlaun Íslands fyrir framúrskarandi hönnun, framleiðslu og sjálfbærni.

As We Grow var stofnað árið 2012 og sækir innblástur sinn í þróunarsýn sem ferðaðist á milli vina og vandamanna í fjölmörg ár og er enn í notkun. „Í upphafi var eingöngu um að ræða barnafatnað en með tímanum fundum við fyrir miklum áhuga á að bæta við fullorðinsvörum, eins og peysum, slám, húfum og treflum.“ segir Gréta Hlöðversdóttir, framkvæmdastjóri og einn stofnenda As We Grow. „Við erum svo lánsöm að hafa aðgang að hinni sjálfbæru Alpaca Ull, sem er einstök að mýkt og endingu en að auki erum við einnig að nota lífræna bómull og hör“.

Vörurnar hafa hlotið mikla athygli, sérstaklega í Bretlandi og Japan. As We Grow hefur þrisvar sinnum hlotið hin virtu bresku Junior Design verðlaun sem besta alþjóðlega barnafatamerkið en í ár var það einnig verðlaunað fyrir að bjóða upp á eina bestu umhverfisvænu barnafatalínuna. „Okkur þykir einstaklega vænt um og hvetjandi að fá þessi verðlaun, því þau ríma einstaklega vel við okkar gildi sem byggja á ábyrgum umhverfissjónarmiðum og afstöðu gagnvart líftíma og endingu framleiðsluvöru á tímum ofgnóttar“. Markmið okkar hjá As We Grow er að vera í forsvari í baráttunni gegn fatasóun og við samsvörum okkur því vel með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem fjalla um ábyrga neyslu og framleiðslu í heiminum í dag.



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

**Vandaðir krossar á leiði!**

3ja ára ábyrgð

**JS LJÓSASMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

**coral**<sup>®</sup> Dyra og hreinsimottur  
Stoppar 90% óhreininda

**forbo**  
FLOORING SYSTEMS

**KJARAN**  
SÍÐUMULA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510



# Lionsklúbburinn selur jóladagatöl í desember

Lionsklúbbur Seltjarnarnes býður jóladagatöl í sölu fyrir komandi jól. Salan er til fjáröflunar fyrir starf klúbbsins en hann hefur sinnt ýmsum verkefnum í gegnum tíðina. Dagatölin verða til sölu í ýmsum verslunum á höfuðborgarsvæðinu.

Klúbbfélagar komu saman fyrir nokkru og gegnu frá dagatölunum. Límdu miða á þau og tannkremstúpur en þannig verða þau boðin til sölu. Eins og á síðasta ári fengu klúbbfélagar aðstoðu hjá fyrirtækinu Dekurflutningum í Grafarvogi til að vinna í þessu verki.

Á myndinni eru Hjörtur Hannesson ritari og Sigurður Engilbertsson að störfum við að útbúa jóladagatölin.



## Arna ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 21 og helgar 10 - 18.  
Eiðistorgi 15  
[facebook.com/arnaisogkaffi](https://facebook.com/arnaisogkaffi)

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX	AIR CIRCULATION SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM R 44/04
HERO	ISO FIX	ADVANCED (SIDE) PROTECTION	3POINT BELT

**BÍLASMIÐURINN HF**  
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

## Jóladögurður Hlaðborð

# MIMIR

LAUGARDAGA & SUNNUDAGA  
12:00—14:00

MIMIR.RESTAURANT   HOTELSAGA@HOTELSAGA.IS   525-9930

# JÓGAGJAFIR & VELLÍÐAN



**Jógadýnur úr korki eru framtíðin. Frábær gæðl.**



**Hugleiðslupúðar og mottur. Einstök fegurð.**



**Möntrubollar, kristalsvatnsflöskur og korkbrúsar.**



**Nailberry naglalökk. Eiturefnalaus og vegan.**



**Möntrubönd og -hringir. Mikíð úrval.**



**Lífrænn jógasamfestingur er sígildur.**



**Wild Grace húðlínan er ný og mögnuð.**



**Cacaó og annað góðgæti á aðventunni.**



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-18  
Lau: 11-16

ÖÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

### Dagskrá og viðburðir í félagsstarfi eldri borgara.

Síðastliðinn mánuður hefur verið vel sóttur í öllu félags og tómstundastarfi. Má þar kannski m.a. þakka góðri færð og veðri, en yfirleitt dregur eitthvað úr þegar veður eru slæm. Októbermánuður var mikill spilamánuður og áskoranir teknar um að fjölga spiladögum í félagsvist og bættust tveir dagar við og aðsóknin góð. Nánast alltaf spilað á 6-7 borðum. Aðrir dagskrárliðir hafa einnig verið vel sóttir.

Ýmsar hugmyndir eru í burðarliðnum og undirbúningur í gangi að aukinni fjölbreytni, sem vonandi verður hægt að bjóða uppá strax í janúar.

Sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar sem farin var fimmtudaginn 31. október var í alla staði mjög vel heppnuð. Veðrið eins og best verður á kosið, virkilega góður matur og móttökur hjá Farmers Bistro og Flúðasveppum. Presturinn í Hruna sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson tók hópinn í leiðsögn og upplýsingaferð um nánasta umhverfi og endaði sú ferð í kirkjunni að Hruna, sem var mjög skemmtileg og fróðleg heimsókn. Á heimleiðinni í gegnum Þingvelli nutum við fegurðarinnar og þegar nær dró Nesjavöllum þar sem hægt var að njóta útsýnis yfir vatnið var stigið út úr rútunni og skálað fyrir góðum degi.

### MENNINGARDAGAR, BINGÓ, LEIKHÚS OG GAMAN SAMAN

Menningardagar voru á Seltjarnarnesi um síðustu mánaðamót og buðu eldri borgarar heim í sína aðstöðu á Skólbraut í söngstund á föstudeginum. Stundin var vel sótt og virkilega skemmtileg, mikið sungið, trallað og hlegið. Boðið var upp á kaffi og kleinur á eftir sem mæltist það vel fyrir að nú teljum við grundvöll fyrir því að þannig verði það framvegis eftir sönginn á föstudögum.

Bingóið í Golfskálanum þriðjudaginn 12. nóvember var vel sótt að vanda og tók Haukur á móti okkur með bingóvélinu góðu og bauð upp á ástarpunga og kleinur í kaffihléinu sem gerði lukku. Spilaðar voru 10 umferðir og var vinningur fyrir hverja umferð nóvemberkactus í rauðum potti.

Leikhús / Atómstöðin fimmtudaginn 14. nóvember. Sýningin hefur hlotið lof gagnrýnenda og gaman verður að sjá og heyra upplifun okkar fólks af þessari sýningu, en þegar þessar línur eru settar á blað þá eru tveir dagar í leikhúsfærðina.

Gaman saman. Léttir réttir með jólalegu ívafi. Söngur, dans og tónlist í salnum á Skólbraut fimmtudaginn 28. nóvember milli kl. 17.00 og 19.00. Létt og skemmtileg samverustund sem allir eru velkomnir að taka þátt í.

### AÐVENTAN - HANDVERK, HÓTEL ÖRK, SÖNGUR OG SÚKKULAÐI

Í desember verður dagskráin með sínu hefðbundna sniði samkvæmd dagskrárblaðinu. Á Námskeiðunum í leir, gleri og handavinnu verður lögð áhersla á jólalegt handbragð. Á mánudögum og miðvikudögum í nóvember og desember milli kl. 13.00 og 16.00 í salnum á Skólbraut verður áhersla lögð á fönður og handavinnu sem tengist jólnum.

Dagsetningin okkar á Hótel Örk er 5. desember og er áhugasömum bent á að hafa samband við Kristínu sem fyrst. Dögumum sem í boði eru hefur fækkað þannig að skráning er nauðsynleg í tíma. Jólahláðborðin á Örk hefur verið fastur liður undanfarin ár. Skemmtileg dagskrá, girnilegur matur og frábær félagskapur. Stjórnandi kvöldsins er Gunnar Þorláksson.

Miðvikudaginn 18. desember frá kl. 14.30 opið hús í salnum á Skólbraut. Söngur og súkkulaði, en þessi dagur er orðinn fastur liður í aðdraganda jólnanna þar sem nemendur Tónlistarskólans spila nokkur lög, upplestur úr nýjum bókum og söngur. Á boðstólum verður heitt súkkulaði með rjóma og fleira góðgæti. Hátiðleg og skemmtileg stund sem allir geta notið saman.

Dagskráin nú í nóvember og desember er annars með hefðbundnu sniði skv. dagskrárblaðinu. Allir dagskrárliðir eru einnig auglýstir í Morgunblaðinu bæði í pappírs og netútgáfu. Einnig eru settar inn tilkynningar á fb. eldri borgarar á Seltjarnarnesi eftir því sem við á.

Jólabingó og félagsvist verður í desember, þ.e. félagsvistin 5. des. og jólabingóið 12. desember og eru allir velkomnir.



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfrýrtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraradila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirki ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



# Áfram vörur frá Ostabúðinni

- vörur og veislusalur við Fiskislóð 26

Því miður lokaði verslun og veitingahús Ostabúðarinnar á Skólavörðustíg fyrir á árinu. En vörur og veitingar frá Ostabúðinni og eiganda hennar, Jóhanni Jónssyni hafa öðlast fastan sess á veisluborðum Íslendinga. Því óttuðust margir þegar verslunin á Skólavörðustíg lokaði að fastir liðir eins og heitrækta gæsabringan þeirra yrði ófáanleg á landinu. Það er því mikið fagnaðarefni að Jóhann og hans teymi hafa komið sér upp frábærri aðstöðu á Fiskislóð 26 þar sem þau reka nú Ostabúðin-veislubjónusta ehf. og framleiða áfram hinar sívinsælu vörur Ostabúðarinnar. Þar má helst nefna grafna og reyktu kjötið þeirra, t.d. heitreyktu gæsabringuna, villibráðarpaté, sósur, dressingar og svo hina margrómuðu frönsku súkkulaðiköku.

Ostabúðin hefur jafnframt verið þekkt fyrir einstaka veislubjónustu og verður hún rekin áfram af Ostabúðinni-veislubjónusta ehf. frá Fiskislóðinni. Eins og áður er boðið upp á fjölbreyttar veitingar í veislur af öllu tagi, osta- og kjötbakka, snittur, spjót, hátíðarveislur, villibráðarveislur og svo mætti lengi telja.

## Funda- og veislusalur

Á Fiskislóðinni er jafnframt bjartur og fallegur funda- og veislusalur sem leigður er út. Salurinn tekur um 100 manns í sæti og 140 manns í standandi veislur. Ostabúðin-veislubjónusta ehf. tekur að sér allskyns veisluhöld þar, eins og fermingar, árshátíðir,



Jóhann Jónsson í Ostabúðinni.

stórafmæli, brúðkaup o.fl. en býður einnig þann kost að koma með veislur í heimahús eða aðra sali. Ostabúðin-veislubjónusta ehf. rekur jafnframt fyrirtækjapjónustu með heitan mat í hádeginu úr fersku og góðu hráefni og sendir til fyrirtækja en býður jafnframt upp á hádegishlaðborð á virkum dögum fyrir fyrirtækin í hverfinu í veislusal sínum á Fiskislóð 26.

## Körfur Ostabúðarinnar

Frá og með 15. desember og fram til jóla verða allar vinsælustu vörurnar þeirra auk þess sem boðið verður upp á vörur frá framúrskarandi íslenskum framleiðendum til sölu á sérstökum jólamarkaði sem settur verður upp í veislusalnum. Þar verður jafnframt hægt að kaupa gjafakörfur og sækeraðskjur sem gerðar verða eftir óskum hvers og eins. Körfur Ostabúðarinnar hafa verið vinsælar jólagjafir meðal fyrirtækja og einstaklinga undanfarin ár og því eflaust margir sem fagna því að geta áfram nálgast þær.



Jóhann lengst til vinstri ásamt samstarfsfólki í Ostabúðinni.

# AS WE GROW

ICELAND



[www.aswegrow.is](http://www.aswegrow.is)

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)  
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242





## Á FSÍ mótum og á alþjóðlegu mótum



Keppendur Gróttu á Björk International 2019: Saga, Laufey, Agnes, Hildur, Ísól, Ásdís, Ragna, Freyja, Sif og Sunna.

Fyrsta FSÍ mót vetrarins fór fram í Egilshöll helgina 26. og 27. október. Gróttu stúlkur byrjuðu veturinn vel og komu heim með yfir tuttugu verðlaunapeninga. Nanna Guðmundsdóttir varð í 2. sæti í fjölþraut í fullorðinsflokki og sigraði á slá og gólfi og Fjóla Guðrún Viðarsdóttir varð í 2. sæti á stökki.

Í 1. þrepi 13 ára og yngri varð Freyja Hannesdóttir í 3. sæti á stökki og 2. sæti á slá og Sif Kvaran varð í 2. sæti á tvíslá og 3. sæti á slá. Ásdís Erna Indriðadóttir sigraði í 2. þrepi 12 ára og yngri og varð í 1. sæti á stökki, slá og gólfi og í 2. sæti á tvíslá og Svanhildur Sunna Gunnarsdóttir varð í 2. sæti á slá. Agnes Sólbjört Helgadóttir varð í 3. sæti í fjölþraut í 2. þrepi 13 ára og eldri og 2. sæti á tvíslá og 3. sæti á slá. Í 3. þrepi 11 ára og yngri varð Auður Anna Þorbjarnardóttir í 2. sæti í fjölþraut og á stökki og í 1. sæti á tvíslá og gólfi og Hrefna María Gylfadóttir varð í 1. sæti á slá.

### Á alþjóðlegu mótum

Meistarahópur fimleikadeildarinnar tók þátt í alþjóðlegu mótum í Stokkhólmi helgina 2.-3. nóvember. Alls tóku 100 keppendur frá 9 löndum þátt í mótinu. Gróttustelpurnar stóðu sig vel í sínum æfingum. Freyja Hannesdóttir komst í úrslit á slá í unglingsflokki og varð í 4. sæti, en alls kepptu 48 stúlkur í hennar aldursflokki. Helgina eftir fór fram Björk International í Hafnarfirði. Ásdís Erna Indriðadóttir sigraði í fjölþraut og á gólfi í stúlknaflökki og Svanhildur Sunna Gunnarsdóttir varð í 2. sæti á tvíslá og slá. Í unglingsflokki varð Freyja Hannesdóttir í 2. sæti á stökki í unglingsflokki. Auk þeirra kepptu Agnes Sólbjört Helgadóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir og Ragna Kamilla Ragnarsdóttir í úrslitum á áhöldum, en átta efstu keppendur á hverju áhaldi komust í úrslit á sunnudeginum.

#### Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

#### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

## Rakel Lóa í U16 og Tinna Brá í U17

Gróttukonurnar Rakel Lóa Brynjarsdóttir og Tinna Brá Magnúsdóttir voru báðar valdar í æfingahópa unglingslandslíða nýlega. Rakel var valin í æfingahóp U16 ára landsliðsins en hópurinn æfði saman 30. október til 1. nóvember. Tinna Brá var valin í æfingahóp U17 ára landsliðsins sem æfir saman 20. til 22. nóvember.



Um er að ræða tvær ungar og efnilegar knattspyrnukonur sem spiluðu með meistaraflokki síðasta sumar þegar liðið komst upp í Inkasso-deildina. Rakel spilaði tíu leiki í 2. deild og einn í Mjólkurbikarnum en Tinna spilaði þrjá leiki í 2. deild og einn leik í Mjólkurbikarnum.

## Hákon með U19 ára landsliðinu

Hákon Rafn Valdimarsson var í hóp U19 ára landsliðsins sem tók þátt í undankeppni EM 2020 sem fram fór 11. til 20. nóvember.

Riðillinn fór fram í Belgíu en ásamt Íslandi eru í riðlinum Belgía, Grikkland og Albanía.



## Þrjár Gróttustelpur á hæfileikamótum

Þrjár Gróttustelpur tóku þátt til í Hæfileikamótum N1 og KSÍ sunnudaginn 17. nóvember.

Það eru þær Jóna Guðrún Gylfadóttir, Þorbjörg Lilja Guðmundsdóttir og Rut Heiðarsdóttir. Stelpurnar eru allar í 4. flokki, Jóna á yngri ári en Þorbjörg og Rut á eldri ári.



GETRAUNANÚMER

GRÓTTU ER

170



## Á döfinni í Seltjarnarneskirkju

**Sunnudaginn 24. nóvember** verður fræðslumorgunn kl. 10 á neðri hæð kirkjunnar. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor, talar um „Þróun samfélags og trúarlífs: Áskoranir kirkjunnar.“ Í messunni kl. 11 verður nýtt hljóðkerfi formlega tekið í notkun sem Lionsklúbbur Seltjarnarness hefur gefið.



Á fyrsta sunnudag í aðventu sem er 1. desember, verður fyrsta ljósið á aðventukransinum tendrað í messu kl. 11. Um kvöldið verður hið árlega aðventukvöld kl. 20. Ræðumaður kvöldsins er Óttar Guðmundsson, geðlæknir. Barnakór Seltjarnarneskirkju syngur undir stjórn Þorsteins Freys Sigurðssonar. Kammerkórinn syngur undir stjórn Friðriks Vignis Stefánssonar. Eftir athöfn er öllum boðið upp á veitingar.

**Sunnudaginn 8. desember** kl. 11 verður kaffihúsagudsþjónusta. Fermingardrengirnir sjá um kaffihús sem haldið verður í safnaðarheimilinu eftir stutta athöfn í kirkjunni. Kirkjugestir geta keypt veitingar á kr. 500 fyrir fullorðna en kr. 300 fyrir börn. Hver einasta króna sem kemur í kassann rennur til Hjálparstarfs kirkjunnar - innanlandsaðstoð, fyrir fjölskyldur í neyð á Íslandi.

**Sunnudaginn 15. desember** verður fræðslumorgunn kl. 10 þar sem sr. Sigurður Ægisson segir frá Gústa guðsmanni. En hann hefur skrifað bók um þann merka manna sem nýlega kom út. Sama dag kl. 11 mun Selkórinn syngja í guðsþjónustunni.

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

## SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Vala Thoroddsen. Hún er uppalin á Seltjarnarnesi og var í Mýró og Való. Hún hefur verið viðloðin fimeleika stóran hluta ævinnar, hún hefur æft, þjálfað, dæmt og verið í stjórn Fimleikadeildar Gróttu.

Vala flutti til Bandaríkjanna eftir menntaskóla og lærði líffræði og vann við líftæknirannsóknir í mörg ár. Hún hefur búið lengur erlendis en á Íslandi en er nú að snúa því við. Vala er gift honum Leif og eiga þau saman Magnús sem er í 3ja bekk í Mýró. Þau eiga líka hundinn Andersen sem er 3ja ára. Vala er ánægð að vera flutt aftur á Nesið og segir það er gaman að hitta gamla skólafélaga og eignast nýja vini hér á æskulóðunum.

**Fullt nafn?** Vala Thoroddsen.

**Fæðingard. og ár?** 19. júní 1971.

**Starf?** Framkvæmdastjóri Fimleikadeildar Gróttu.

**Farartæki?** Billinn minn og fæturnir mínir.

**Helstu kostir?** Kannski að ég get aðlagast nýjum aðstæðum frekar fljótt. Ég hef flutt svo oft á síðustu árum að ég er orðin góð í að aðlagast nýjum stöðum, löndum og háttum.

**Eftirlætis matur?**

Miðjarðarhafsskálín hjá Gló.

**Eftirlætis tónlist?** ABBA, Spandau Ballet, George Michael.

**Eftirlætis íþróttamaður?**

Fimleikakonurnar Aly Raisman og Ecaterina Szabo.

**Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?**

Pappahelgar, Big Little Lies.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**

Memoirs of a Geisha og In order to Live (Yeonmi Park) eru mjög eftirminnilegar og standa upp úr.



**Uppáhalds leikari?** Meryl Streep.

**Besta kvikmynd sem þú hefur séð?**

Kannski ekki besta en Love Actually er held ég uppáhalds, hef líka horft á Mamma míá myndirnar oftar en einu sinni.

**Hvað gerir þú í frístundum þínum?** Teikna á ípadinn minn.

**Fallegasti staður sem þú hefur komið á?** Ísland.

**Hvað metur þú mest í fari annarra?** Almennilegheit og góð nærvera.

**Hvern vildir þú helst hitta?** Mömmu.

**Uppáhalds vefsíða?** [www.mbl.is](http://www.mbl.is)

**Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?** Köku, kampavín, fjölskyldu og vini í heimsókn.

**Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?**

Þjóða stórfjölskyldunni í frí til Ítalíu.

**Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?**

Ég myndi fá einhverja skemmtilega hljómsveit eins og t.d. Ný Dönsk eða Sálín til að halda tónleika fyrir bæjarbúa á Eiðistorgi.

**Að hverju stefnir þú í framtíðinni?**

Koma mannum mínum heim til Íslands. Hann er enn með annan fótinn í Bandaríkjunum og við erum farin að sakna hans.

**Hvað gerðir þú í sumarfríinu?**

Flutti til Íslands.



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



## Óskað er eftir starfsmanni í dagdvöl

Óskað er eftir starfsmanni til starfa í dagdvöl hjúkrunarheimilins sem fyrst.

Vinnutími frá 10-15 virka daga.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864-4184.

# KOMDU ÚT Á GRANDA

VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



Á GRANDA  
FINNUR ÞÚ SÖMU  
GÓÐU VÖRUMERKIN  
OG Í ÖÐRUM ELKO  
VERSLUNUM

ELKO

